

Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni. FaMos.

Aðalfundur FaMos haldinn í Hlégarði mánudaginn 19. febrúar 2018 kl. 20:00.

1. Formaður, Harald S. Holsvik bauð FaMos félagi og gesti velkomna. Hann setti fundinn og tilnefndi Magnús Sigsteinsson sem fundarstjóra og Jón Þórð Jónsson sem ritara. Það var samþykkt. Fundarstjóri úrskurðaði um lögmati fundarins, sem var auglýstur með nægum fyrirvara.

Innskot ritara: Hér að neðan er skýrsla stjórnar og skýrslur formanna, nefnda og hópa, liðir 2 og 3. Skýrslurnar eru afritaðar inn í fundargerðina án efnislegra breytinga og aðlagðar skjalinu. Skýrslurnar fylgja aðalfundargerð 2017 í gögnum FaMos. Hjálagt ársreikningur FaMos 2017.

2. Skýrsla Stjórnar Starfsárið 2017

Harald S. Holsvik, formaður FaMos, flutti skýrslu stjórnar:

Síðasti aðalfundur var haldinn þ. 20. febrúar 2017, í Hlégarði Mosfellsbæ.

Um skipan stjórnar FaMos; eftir aðalfund 2017, skiptu stjórnarmenn með sér verkum, þannig: Harald S Holsvik, formaður, (hann mun láta af stjórnarstörfum við lok þessa fundar). Sara Elíasdóttir, varaformaður, (hún mun láta af stjórnarstörfum við lok þessa fundar). Magnús Sigsteinsson, meðstjórnandi, (hann mun láta af stjórnarstörfum við lok þessa fundar). Jón Þórður Jónsson, ritari, (kjörinn til tveggja ára frá 2017, og situr áfram í stjórn næsta ár). og Pétur Guðmundsson, gjaldkeri, (kjörinn til tveggja ára frá 2017, og situr áfram í stjórn næsta ár). Varamenn: 1. varamaður var Úlfhildur Geirsdóttir, og 2. varamaður Snjólaug Sigurðardóttir. Varamenn eru kjörnir til eins árs í senn, en þær munu gefa kost á sér til setu í aðalstjórn næsta kjörtímabil.

Á tímabilinu frá síðasta aðalfundi, hefur stjórnin haldið samtals 9 stjórnarfundi. Fundir eru oft annan hvern miðvikudag, frá hausti til vors, nema um jól og áramót. Stjórnarstörf liggja yfirleitt niðri yfir sumarið. Stjórnin hefur nú þegar nokkra reynslu af því nýlega innleidda fyrirkomulagi að stjórnin skipi jöfnum höndum félagi í hinar ýmsu starfsnefndir og vinnuhópa en áður og fyrr var þessu komið fyrir í dagskrá aðalfunda. Þetta fyrirkomulag að stjórnin haldi utan um nefndaskipan og hafi samráð eftir þörfum er að flestra álitum þægilegra og skilvirkara en það fyrirkomulag sem fyrir var.

Við í stjórn FaMos kunnum öllu þessu góða fólki innilegar þakkir fyrir göfugt og gott framlag fyrir FaMos. Óhætt er að fullyrða að ef ekki nyti við þessara nefnda og vinnuhópa, væri allt starf FaMos mjög mikið fábrottnara. Formenn eða fulltrúar helstu vinnunefnda- og hópa munu, ef þeim svo sýnist, koma fram hér síðar á dagskránni og flytja okkur yfirlit um starfseminna á liðnu ári. Eftirfarandi vinnunefndir- og vinnuhópar starfa innan FaMos:

Ferðanefnd: Formaður; Margrét Jakobína Ólafsdóttir. Íþróttanefnd: Formaður; Pétur Guðmundsson. Menningar- og skemmtinefnd: Formaður; Ingólfur Hrólfsson. Kaffinefnd: Formaður; Oktavía Stefanía Helgadóttir. Spilaneftnd: Formaður; Karl E. Loftsson. Leshringur: Formaður; Einar Halldórsson. Gönguhópur: Unnur Haraldsdóttir og Kristinn Breiðfjörð hafa bæði tvö verið í forgöngu hjá hópnum. Línudans: Kolbrún Jónsdóttir.

Fjöldi viðburða eins og Gaman saman, Úlfhildur Geirsdóttir. Af og til er brugðið á það ráð að fara í hópferðir frá Eirhömrum. Einnig eru til staðar ýmsir viðburðir ásamt ótal námskeiðum í góðum tengslum við Félagsstarfið að Eirhömrum. Allt síðast liðið ár eins og fyrri ár, höfum við átt alveg sérstaklega og góða samvinnu við Elvu Björgu Pálsdóttur, forstöðumann félagsstarfsins og hennar aðstoðarleiddbenendur. Það sama á við um allt starfsfólk Eirhamra og Hamra, sérstaklega forstöðukonuna Valgerði Magnúsdóttur. Fyrir hönd stjórnar þakka ég innilega hið góða samstarf.

Vorboðar: Kór eldri borgara í Mosfellsbæ. Formaður er Úlfhildur Geirsdóttir. Kórinn hefur haft uppi og komið að fjölda skemmtiviðburða og styrkt þannig félagslíf FaMos, en flestir kórfélagar eru einnig félagar í FaMos.

Fjöltengill FaMos: Grétar Snær Hjartarson, við í stjórn FaMos erum Grétari Snæ innilega þakklát, fyrir hans ómældu hjálp og aðstoð sem fjöltengill FaMos. Ánægjulegast er að hann ætlar halda áfram þessu óeigingjarna starfi.

Upplestur fyrir heimilismenn Eirhamra og Hamra: Undanfarin ár 3 ár hefur Birgir D. Sveinsson, fyrrum skólastjóri lesið upp úr ýmsum bókum og skáldritum fyrir heimilismenn á Hömrum. Nú er svo komið að mætingar hafa dregist saman sem helgast af því m. a. að fólkið er ekki eins heilsuhraust og fyrr. Það hefur því verið ákveðið að draga saman og sjá hvort eftirspurnin eykst síðar. Að Eirhömrum hefur Guðjón Jensson stundum komið með bækur til upplestrar fyrir heimilsfólk. Við í stjórn FaMos þökkum þessum ágætu mönnum göfugt og óeigingjarnt starf undanfarin ár fyrir okkar skjólstæðinga.

Öldungaráð Mosfellsbæjar: Skipulagsskrá öldungaráðs var tekin fyrir og samþykkt í Bæjarráði Mosfellsbæjar þ. 5. feb. 2015. Stjórn FaMos skipaði eftirtalda í Öldungaráðið sem tók formlega til starfa og hélt sinn fyrsta fund 3ja júní 2015. Tilnefnd í ráðið af hálfu FaMos voru: Aðalmenn: Harald S. Holsvik og Magnús Sigsteinsson. Varamenn: Sara Elíasdóttir og Jón Þórður Jónsson. Kjörtímabil öldungaráðs fylgir sveitarstjórnakosningum. Aðalmarkmið öldungaráða er að vera ráðgefandi aðili og umræðuvettvangur milli sveitarstjórnar og eldri borgara. Öldungaráðið skipa einnig: Frá Mosfellsbæ, Unnur V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs og Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi en hún lét af störfum eftir um eitt ár en í hennar stað kom Theódór Kristjánsson, bæjarfulltrúi. Sameiginlega tilnefndar af hálfu beggja aðila eru: Svala Árnadóttir en varamaður hennar er Jóhanna Magnúsdóttir. Á fundum ráðsins komu fram óskir um að endurnýja ætti sem allra fyrst, líkamsþjálfunarbúnað eða hluta hans að Eirhömrum. Kostnaður við slíka framkvæmd hleypur á miljónum króna. Á s. l. ári varð þessi draumur að veruleika. Mosfellsbær í samstarfsverkefni með Lionsmönnum komu að málum og gáfu stórfengleg þrekþjálfunartæki. Allt eru þetta góð og gild markmið en FaMos hefði kosið að sjá öldungaráðið öflugra en verið hefur. Þar má nefna m. a. að auka fjölda hjúkrunarrýma að Hömrum sem er orðið mjög aðkallandi, sérstaklega til að gera reksturinn hagkvæmari.

Um 85 ára og eldri: Á aðalfundum síðustu ára varð til, í samræmi við óskir stjórnar FaMos sú regla að þeir sem verða 85 ára á viðkomandi almanaksári, verði gjaldfrjálsir eftirleiðis ævinnar. Þessi regla kom fyrst til framkvæmda árið 2015, þá voru 17 félagar sem nutu þessarar reglu. Árið 2016, 20 og árið 2017 alls 30. Til grundvallar er félagaskrá um hver áramót.

Landsfundur LEB, Landssambands eldri borgara var 23-24 maí 2017 í félagsheimili Félags eldri borgara í Hafnarfirði: Fulltrúar FaMos á fundinum voru; Harald S. Holsvik og Magnús Sigsteinsson. Á fundinum var kjörinn nýr formaður í stað Hauks Ingibergssonar, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, fyrrum formaður í Félags eldri borgara í Reykjavík. Einnig var skipaður starfshópur til að koma með lagfæringartillögur varðandi lög LEB, sérstaklega með áherslu á vægi kjörinna fulltrúa til landsfunda. Hópurinn hefur skilað af sér og eru tillögur hópsins sbr. eftirfarandi:

Breytingartillaga:

5.3. Hvert aðildarfélag á rétt á einum fulltrúa félags með einn til 150 félagsmenn, tveimur fulltrúum með 150 til 300 félagsmenn og síðan einum fulltrúa fyrir hverja 300 félagsmenn til viðbótar, eða brot úr þeirri tölu til setu á landsfundi.

Núgildandi lög LEB:

5.3. Hvert aðildarfélag á rétt á 2 fulltrúum til setu á landsfundi, en félög með yfir 500 félagsmenn eiga rétt á einum viðbótarfulltrúa fyrir hverja 500 félag, umfram 500 eða brot úr þeirri tölu.

Samkvæmt þessum áformum mun þetta ekki breyta verulega fyrir FaMos. Helsta breytingin er í því fólgin að FEB í Reykjavík mun fá fleiri fulltrúa, þ.e. 36, en hafði áður 22 en að mestu er þetta á kostnað landsbyggðarinnar. Einnig eru lagðar fram tillögur um að formannafundir verði aflagðir og landsfundir teknir inn á hverju ári. En þeir hafa verið annað hvert ár.

Stjórn FaMos þakka ég fyrir gott samstarf s.l. 4 ár. Takk fyrir ómetanlega aðstoð ykkar allra og stuðning. **Lifið heil.**

3. Skýrslur nefnda og hópa:

3.1. Íþróttanefnd formaður Pétur Guðmundsson:

Í stjórn íþr.nefndar eru auk mín Sigrún Kröyer, Gunnvör Björnsdóttir og Ursula Jünemann. Starfið hefur verið með hefðbundnum hætti, að vísu er vatnsleikfimi nú 3svar í viku, þar eru frábærir þjálfarar Karin Mattsson og Ursula Jünemann.

Það hefur heldur fækkað á boccia æfingum, ég hvet FaMos félagi til að koma og efla boccia starfið.

Það er alltaf að fjölga í ringó hópnum, við æfum nú á tveim völlum. ringó hópurinn vann silfurverðlaun á Hvolsvelli og gullverðlaun á landsmóti Ungmennafélags Íslands UMFÍ 50+, í Hveragerði. Fyrir landsmótsmeistaratitilinn fékk ringóhópurinn viðurkenningu frá Mosfellsbæ. Þessi árangur var hvatning til fjölgunar í hópnum eins og ég gat um.

Leikfimi er í Eirhömrum undir stjórn Karin Mattsson.

Karl Loftsson hefur stjórnað þúttæfingum, einnig séð um félagsvist og bingó.

Qigong, kínversk leikfimi er í boði fyrir FaMos-félagi í íþróttahúsinu að Varmá.

Dansleikfimi var mikið vinsæl í Varmá.

Íþróttakennarar sem fylgdust með okkur í ringó, nefndu það, hvort við gætum komið með kynningartíma fyrir unga fólkið á ringóíþróttinni? Þetta þótti mér vænt um.

Eldra og unga fólkið vinnur saman að hreyfilistinni því þetta er svo gaman.

Hvatningarhrópin eru nú ÁFRAM AFTURELDING og ÁFRAM FaMos.

3.2. Menningar-og skemmtinefnd: Formaður Ingólfur Hrólfsson: 10. apríl 2017:

Tindatríóið skemmti og Helgi Sigurðsson fór með limrur. 13. mars 2017: Halldór Sigurðsson las upp og feðgarnir Sigurður Hansson og Arnór Sigurðsson spiluðu og sungu. 9. október 2017: Þórhalla Lóa Pétursdóttir (6 ára) söng og félagar úr Leikfélagi Mosfellssveitar fluttu lög úr söngleiknum um Ellu Fitzgerald. 13. nóvember 2017: Stórsveit Öðlinga. 11. desember 2017: Vorboðarnir, kór eldri borgara í Mosfellsbæ, flutti jólalög og séra Arndís Linn flutti hugvekjju. 8. janúar 2018: Silja Ingólfsdóttir sagði frá starfi Rauða krossins og Stormsveitin söng af miklum krafti.

Mæting hefur verið misgóð eða 50 til 100 manns.

Vegna þess hve mikið var á boðstólum í apríl/maí 2017 var ákveðið að fresta „menningu um miðjan dag“ fram í september. Við skipulögðum ferð til Akraness, en vegna dræmrar þátttöku var ferðin felld niður.

Þann 13. febrúar hófst námskeið um sögu Mosfellssveitar, sem Bjarki Bjarnason sér um.

Þátttaka er mjög góð og á fyrsta fyrirlestur mættu 36.

Í menningar-og skemmtinefnd eru: Ingólfur Hrólfsson, formaður, Bjarney Einarsdóttir, Elías Árnason, Halldór Sigurðsson og Hjördís Sigurðardóttir.

3.3. Gaman saman: Umsjónarmaður Úlfhildur Geirsdóttir. Gaman saman hefur nú verið dagskrárliður á Eirhömrum í 5 ár, annan hvern fimmtudag yfir vetrarmánuðina.

Gaman saman er samstarfsverkefni FaMos, félagsstarfsins og Vorboða á Eirhömrum.

Gaman saman er velsótt af íbúum Eirhamra og Hamra ásamt öðrum gestum og telst mér til að um 50 gestir sækja Gaman saman í hvert skipti.

Eins og áður koma við sögu leikskólabörn af 7 leikskólum bæjarins, Skólahljómsveit Mosfellsbæjar stjórnandi Daði Þór Einarsson, Barnakór Varmáarskóla stjórnandi Guðmundur Ómar Óskarson og nemendur Listaskóla Mosfellsbæjar sem Atli Guðlaugsson stýrir.

Allir þessir aðilar sem hafa glatt augu og eyru gesta í Gaman saman og telja í kringum 250 manns, fá mínar bestu þakkir fyrir samvinnuna, samstarfskonum mínum til 5 ára þeim Bjarneyju Einarsdóttur og Guðríði Pálsdóttur færi ég bestu þakkir og svo verð ég að nefna leikskólastjóra og kennara fyrir einstakkt framlag þeirra, og færi þeim öllum góðar kveðjur og þakkir.

Undanfarin tvö ár hefur Helgi R. Einarsson séð um undirleik og farið með vísur og gamanmál eins og honum einum er lagið, en hann fer líka inn á alla leikskóla bæjarins og lætur börnin syngja svo að þau koma vel undirbúin í Gaman saman.

3.4. Vorboðar: Formaður, Úlfhildur Geirsdóttir. Vorboðar kór eldri borgara í Mosfellsbæ var stofnaður 16. des. 1989, og telur nú um 55 félaga

Kórinn æfir einusinni í viku á mánudögum í safnaðarheimili Lágafellssóknar kl 12:45

Kórinn tekur þátt í hinum ýmsu viðburðum í Mosfellsbæ og víðar, þ.á.m. kóramóti sem haldið er ár hvert ásamt 4 öðrum kórum og 2018 sjá Vorboðar um kóramótið sem verður í Langholtskirkju laugardaginn 12 maí kl. 16:00 og síðan verður hátíðarkvöldverður í félagsheimili Seltjarnarness.

Stjórnandi og raddþjálfari Vorboða er Hrönn Helgadóttir.

3.5. Spilanevnd og pútt: Karl Loftsson gerði grein fyrir starfseminni. Um er að ræða bridge og félagsvist, auk bingó. Það er félagsvist annan hvern föstudag, það mæta 16 til 20 manns í félagsvistina og svo er bridge á þriðjudögum og spilað á tveim borðum. Það er púttað í vélageymslu golfklúbbs Mosfellsbæjar, en þar spila allt að 16 manns.

3.6. Kaffinevnd: Formaður kaffinevndar er Oktavía Stefanía Helgadóttir aðrar í kaffinevndinni eru: Guðrún Emilía Karlsdóttir, Kristbjörg Steingrímsdóttir, Jóhanna S. Guðbjörnsdóttir, og Sara Elíasdóttir. Kaffinevndin sér um veitingar á menningarkvöldum og á aðalfundi félagsins.

3.7. Ferðanevnd: Formaður Margrét Jakobína Ólafsdóttir. Aðrir í ferðanevnd eru. Valdís Ólafsdóttir og Albert H. Gunnarsson.

3.8. Gönguhópur: Umsjónamenn eru: Kristinn Breiðfjörð og Unnur Haraldsdóttir. Hópurinn gengur frá Eirhömrum þrisvar í viku kl. 11:00, þriðjudaga föstudaga og laugardaga.

3.9. Línudans: Kolbrún Jónsdóttir er umsjónarmaður.

3.10. Leshringur: Umsjón Einar Halldórsson og Jóhanna Sigurðardóttir með aðstoð Rósu Torfadóttur frá bókasafni Mosfellsbæjar. Hópurinn hittist einu sinni í mánuði að Eirhömrum kl.10:30 og fjalla þá um eina bók hverju sinni. Rithöfundar koma í heimsókn af og til. Leshringinn sækja 13 til 15 manns.

4. Umræður um skýrslu stjórnar, nefnda og hópa:

Jóhanna B. Magnúsdóttir lýsti ánægju sinni með félagsvistina á kærleiksdögum sem var í samstarfi unglingaráðs og öldungaráðs, Karl Loftsson stjórnaði félagsvistinni, en spilað var á 5 borðum. Valdís Ólafsdóttir í ferðanevnd tjáði fundargestum að eftir FaMos-ferðina til Slóvaníu, Króatíu og Ítalíu í maí munu allir hætta í nefndinni. Jafnframt sagði Valdís frá því að enn væru nokkur sæti laus í ferðina.

5. Ársreikningur FaMos: Gjaldkeri Pétur Guðmundsson.

Fundarstjóri, formaður, stjórn FaMos, góðir FaMos félagar og gestir. Ég mun skýra reikninga FaMos fyrir árið 2017. Á borðunum hjá ykkur eru ljósrit með yfirliti af reikningum ásamt staðfestingu stjórnar og skoðunarmanna.

TEKJUR:

Inngreiðslur félagsgjalda á árinu 2017 voru kr. 1.202.500 Þessi upphæð jafngildir því að um 481 hafi greitt fullt félagsjald á liðnu ári, en í félaginu eru, eins og félagaskrá var við upphaf árs 2017, um 30 félagsmenn sem eru eldri en 85 ára og voru gjaldfrjálssir. Það eru því ákveðin gæði sem fylgja því að verða 85 ára og vera félagamaður í FaMos. Í ár mun sú tala vera um 33 félagar sem munu njóta þess að vera gjaldfrjálssir. Félagatalan við síðustu áramót var komin í um rúmlega 520 félaga og er breytileg á hverjum tíma.

Næstu tölur í tekjuyfirliti eru mismunandi inngreiðslur sem koma frá vinnunefndum, svo sem íþróttanevnd og menningar- og skemmtinevnd ásamt ferðanevnd v/sumarferðar.

Innborgað v/íþróttaiðk.	665.500	507.000
Innb. v/ menningar-og skemmtinefndar.	138.500	168.000
Innborgað v/ sögu-námsk.	620.000	0
Innborgað v/sumarferðar	3.217.591	0

Þessar fjárhæðir eru einskonar dvalargestir á reikningum FaMos en tímabundið, því ýmis kostnaður á vegum nefndanna greiðist með þessum inngreiðslum.

Vaxtatekjur	114.791	142.944
-------------	---------	---------

Vaxtatekjur lækkuðu svolítið milli ára en það gefur okkur ástæðu til að ganga á fund bankans og ræða betur um þessi mál.

Starfsstyrkur frá Mosfellsbæ	326.183	320.307
------------------------------	---------	---------

Framlag Mosfellsbæjar þetta árið, nam kr. 326.183 en þessi upphæð greiðist skv. samningi frá 2012 við Mosfellsbæ að uppfærðum vísitölubótum.

Aðrar tekjur	149.000	
--------------	---------	--

Liðurinn **Aðrar tekjur** er nýr tekjuliður, tilkominn vegna heimsóknar FEB frá Selfossi í sumar. Þau greiddu fyrir kaffiveitingar sem kaffinefndin, undir forystu Úlfhildar og Söru áttu stóran hlut í að heppnaðist vel í Harðarbóli, en Birgir D. Sveinsson, f. Skólastjóri, tók á móti hópnum og fylgdi um byggðina.

Tekjur samtals:

Tekjur samtals	6.434.065	2.323.251
-----------------------	------------------	------------------

Tekjur samtals urðu því kr. **6.434.065**. Reyndar er sú upphæð nokkru hærri samanborið við fyrra ár. Þar munar mest um gegnumstreymi fjár, m. a. sögu-námskeið og ferð á Strandir ásamt sumarferð til Siglufjarðar á vegum ferðanefndar.

GJÖLD:

Á gjaldahlíð má sjá að nokkrir útgjaldaliðir eru ýmist lægri eða hærri en í fyrra en skýra sig nokkuð vel ef vísað er til töflu um útgjöld.

Gjöld		
Innheimta A B	20.681	15.379
Burðargjöld	69.490	77.815
Pappír, prentun, félagsskírteini og ritföng	284.689	130.255
Tækjab, prentarar, magnarakerfi o.fl.	234.164	369.128
Vörur, akstur, ferðal, augl.	265.819	114.469
Sumarferð, kostnaður	3.121.768	0
Sögunámskeið og ferð á Strandir.	662.400	0
Menning-skemmtikr—veitingar	452.846	229.125
Aðalfundur, veitingar & örþorramatur o.fl.	146.405	133.017
Leiga Harðarból v/ FEB Selfossi	45.000	0
Íþróttir, (vatnsleikfimi, boccia o.fl.)	537.738	386.000
Lén / ISNIC heimasíðuvistun	12.960	12.960
Styrkur til Vorboðanna kórs eldri borgara.	200.000	50.000
Aðildargjöld til FÁÍA keppnisgj. & v/L.E.B.	326.638	271.922
Tryggingar v/tveggja píanóa	11.698	11.897
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur	22.957	28.588
Gjöld samtals	6.415.253	1.830.555
Tekjur umfram gjöld	18.812	492.696

Kæru FaMos félagar.

Ég tel óþarft að telja upp hvern útgjaldalið fyrir sig en er tilbúinn til að skýra betur einstaka útgjaldaliði ef óskað er sérstaklega.

Fundarstjóri ég hef lokið máli mínu. Pétur Guðmundsson gjaldk. FaMos. (Sjá fskj. reikningar kórsins 2017)

6. Umræður um ársreikning FaMos:

Grétar Snær Hjartarsson þakkaði gjaldkera fyrir glögga mynd af reikningum FaMos. Hann óskaði eftir frekari skýringum á félagsgjöldum til LEB, Landsambandi eldri borgara og FÁÍA. Félagi áhugafólks um íþróttir aldraðra. Gjaldkeri gerði grein fyrir þessum gjöldum. Hann spurði einnig hvort FaMos ætti tvö píanó þar sem félagið greiddi tryggingargjöld fyrir tvö píanó. Gjaldkeri skýrði frá því, að félagið ætti tvö píanó. Annað væri í notkun í kirkjunni á Lágafelli en hitt á hjúkrunarheimilinu Hömrum.

Reikningarnir voru samþykktir samhljóða. Þorbjörn Eiríksson óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju og velfarnaðar, jafnframt bað hann um stjórnin sjái til þess að magnarakerfið í Hlégarði verði lagað.

7. Félagsgjald: Stjórn FaMos lagði til að félagsgjald verði óbreytt 2018, kr. 2.500.

Ákvörðunin gildir til næsta aðalfundar. Þetta var samþykkt.

8. Kosningar:

Núverandi stjórn:

Harald S. Holsvik, formaður, Sara Elíasdóttir, varaformaður, Magnús Sigsteinsson, meðstjórnandi, Jón Þórður Jónsson ritari og Pétur Guðmundsson, gjaldkeri. Varamenn: Úlfhildur Geirsdóttir og Snjólaug Sigurðardóttir.

Úr stjórn eiga að ganga, Harald S. Holsvik, Sara Elíasdóttir, Magnús Sigsteinsson, Úlfhildur Geirsdóttir og Snjólaug Sigurðardóttir

Kosning nýrrar stjórnar:

Jón Þórður Jónsson ritari og Pétur Guðmundsson verða áfram í stjórn til eins árs. Úlfhildur Geirsdóttir og Snjólaug Sigurðardóttir gefa kost á sér í aðalstjórn.

Kosning formanns: Ingólfur Hrólfsson gaf kost á sér sem formaður, Ekki komu aðrar tillögur um formann og var hann kjörinn samhljóða.

Kosning annarra í aðalstjórn: Úlfhildur Geirsdóttir og Snjólaug Sigurðardóttir gáfu kost á sér í aðalstjórn. Ekki komu aðrar tillögur um menn í aðalstjórn og voru þær kjörnar samhljóða.

Kosning varamanna: Halldór Sigurðsson og Kristbjörg Steingrímsdóttir gáfu kost á sér sem varamenn. Ekki voru aðrar tillögur og voru þau kjörin samhljóða.

Kosning skoðunarmanna ársreikninga: Skoðunarmenn ársreiknings eru: Leifur Kr.

Jóhannesson og Ólafur Gunnarsson, þeir gefa kost á sér áfram ásamt Kristbjörgu Steingrímsdóttur sem varamanni. Þau voru öll endurkjörin samhljóða.

Varðandi tilnefningu fulltrúa á landsfund LEB er ekki ljóst hvort haldinn verður landsfundur LEB á þessu ári og því lagði fundarstjóri til að stjórn félagsins tilnefndi 2 fulltrúa og varamann ef til þess kæmi. Þetta var samþykkt.

8. Fundarstjóri þakkaði fundarritara fyrir fundarritun og fundargestum góða fundarsetu og bað Ingólf Hrólfsson nýkosinn formann FaMos að taka til máls. Ingólfur þakkaði góða kosningu og kynnti skemmtiatriði.

Fundi slitið 21:20.

Innskot ritara. Eftir aðalfundinn sýndi danshópurinn Sporið þjóðdansa við góðar undirtektir. Tóku fundargestir þátt í dansinum og höfðu gaman að. Að lokum var svo-kallað örþorrablót í boði félagsins sem kaffinefnd sá um með miklum sóma, eins og ávallt þegar þessar frábæru konur taka til hendinni.

Ritari: Jón Þórður Jónsson (sign.) Fundarstjóri: Magnús Sigsteinsson (sign.)